

iðnskriptargjaldið aptur, og vesturfararnir verða sjálfir að bera afleiðingarnar af því, að þeir kusu heldur að fara, en að slíta samningi sínum við fjelagið.

94
9. júní.

Þetta er tjáð yður, herra amtmaður til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar fyrir hlutaðeiganda.

— *Brief landshöfðingja til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu um þóknun handa þjóðjarðarlandseta.* — Þó jeg verði að álíta það skyldu ábúanda á jörðum þeim, þar sem nokkuð hætt er við skriðum, að hreinsa burt svo fljótt sem auðið er skriður þær, er falla kynnu á tún þeirra og engjar, vil jeg samkvæmt tillögum yðar, herra amtmaður, í bræfi frá 27. febr. þ. á. hjer með veita bóndanum Hólga Þorsteinssyni í Rugludal 10 kr. þóknun fyrir röggsemd þá, er hann sýndi sumarið 1876 í því að hreinsa burt skriðu þá, er fjell á tún nefndrar jarðar, og má greiða honum þóknun þessa úr umboðssjóði.

95
12. júní.

Þetta er tjáð yður, herra amtmaður, til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar fyrir hlutaðeiganda.

— *Brief landshöfðingja til prestsins á Hólum um lán gegn veði í fasteign.* — Þjer hafið herra prestur farið þess á leit, að jeg vildi styðja að því, að barnaskólanefndinni í Reyðarfjarðarhreppi verði leyft að lána út 1400 kr. gegn 6% vöxtum og fasteignarveði.

96
12. júní.

Fyrir því vil jeg ekki undir höfuð leggjast að tjá yður að samkvæmt 1. grein tilsk. 27. maí 1859 verður engum leyft að lána út fje gegn veði í fasteign og hærri ársvöxtum en 4 af hundraði. Síðan hefir raunar með tilsk. 5. jan. 1874 verið ákveðið að veita megi sparissjóðum undanþágu frá þessari ákvörðun, en öðrum stofnunum eða einstökum mönnum verður slík undanþága ekki veitt.

Brief landshöfðingja til amtmannsins yfir norður og austur umdæminu um fjárveitingarvald sýslunefndar. — Á fundi árið 1877 ákvað sýslunefnd Eyfirðinga að greiða úr sýslusjóði Skapta ritstjóra Jósepsyni 132 kr. 60 a., sem kostnað við fór hans suður á Þíngvöll 1876, til þess að taka af hendi Eyfirðinga þátt í almennum fundi, er boðaður hafði verið út af fjárkláðanum á suðurlandi. Þegar veturinn þar á eptir gjörðabók sýslunefndarinnar var rannsökuð af amtsráðinu, gjörði það 14. febrúar f. á. þá athugasemd, að með því 39. gr. sveitastjórnarlaganna gæfi eigi heimild til hinnar umræddu fjárveitingar, væri hún ólögumæt, og yrði upphæð hennar því eigi færð sýslusjóðnum til útgjalda, þó að amtsráðið að öðru leyti álíti sanngjarnt og tilhlýðilegt, að sýslubúar endurgildu viðkomanda ferðakostnað á einhvern annan og betur við eigandi hátt. Eptir að sýslunefndin hefir síðan áfrýað þessum úrskurði hingað, og þjer, herra amtmaður, hafið fyrir hönd amtsráðsins léitt ítarleg rök að honum, vil jeg tjá yður til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar fyrir hlutaðeigöndum, það er nú segir:

97
13. júní

Það er vitaskuld að 39. gr. tilskipunar um sveitarstjórn frá 4. maí 1872 inniheldur ekki lagaheimild fyrir hinu áminnsta gjaldi, og að gjöld þau, sem eru sýslunni alveg óviðkomandi, verða ekki greidd úr sýslusjóði; en hinsvegar má samkvæmt 42. gr. tilskipunarinnar greiða úr sýslusjóði ekki að eins gjöld þau, sem lagaheimild er fyrir, en